

ALLT, SEM ÉG HEF SKRIF AÐ, ER SANNLEIKUR

Frá réttarhöldunum yfir jógóslavneska rithöfundinum Mihajlo Mihajlov

Í FYRRI viku var jógóslavneski rithöfundurinn Mihajlo Mihajlov dæmdur í eins árs fangelsi í borginni Zadar í Jógóslavíu fyrir að hafa dreift röngum upplýsingum um land sitt erlendis. Ekki fengu aðrir að vera viðstaddir réttarhöldin en þeir, sem til þess höfðu fengið sérstaka aðgöngumiða. Voru það því fyrir utan nokkra erlenda blaðamenn einungis dyggir stuðningsmenn stjórnarvaldanna og því andstæðingar Mihajlovs. Grein þessi, sem hér fer á eftir, er úr frásögn fréttaritara vestur-þýzka blaðsins „Frankfurter Allgemeine Zeitung“ af réttarhöldunum.

Fyrir miðju dómsalans stendur lítill maður. Andlitsdrættir hans eru mjúkir og bera þess vitni, að hann er vansvefnt. Rödd hans er veik. Að baki honum eru fjandsamlegir áheyrndur, en fyrir framan hann er dómarrinn, strangur á svip, en um hann sagði verjandinn síðar, að hann hefði fyrir fram gert ráð fyrir því, að hinn ákærði væri sekur. Á vegg hangir mynd með Tító brosandí. Rammi myndarinnar er þannig, að hann gæti einhvern tímann hafa verið umgerðin um mynd af Franz Jósef Austurríkiskeisara. Klukkan nákvæmlega átta byrjuðu réttarhöldin gegn Mihajlo Mihajlov, sem fæddur er 26. september 1934, útfandi og fyrrverandi aðstoðarkennari við heimspekideild háskólans í Zadar.

Eftir að Milovan Djilas kom til sögunnar hefur enginn andstæðingur hins jógóslavneska stjórnarfrars vakið eins mikla athygli um allan heim

og þessi yfirlætislausí ungi maður, sem fyrst vakti athygli á sér fyrir hálfu öðru ári. Hann er sonur rússneskra útflytjenda. Einmana, taugaspennur en ákveðinn á svip stendur hann þarna. Hetja í hlutverki, sem virðist vaxið honum langt yfir höfuð og sem virðist ætla að yfirbuga hann.

Það hófst allt saman í febrúar 1965 með „Sumar í Moskvu“ þar sem hann skrifaði, að Stalin en ekki Hitler hafi fyrstur reist fjölda fanga-búðir og útrýmt heilum þjóðum. Handtaka og dómur komu í kjölfarið. Fimm ára skilorðsbundið fangelsi. Eins og flugskeyti þaut Mihajlo upp á himin heimsfrægðar.

R.kissaksóknarinn gefur í skyn, að gróðavon hafi verið það, sem fyrir honum vakti: „Þér bjuggust ekki við því, að „Sumar í Moskvu“ myndi vekja jafnmikla athygli og raun varð á, og þegar þér sáu það, byrjuðu þér að skrifa pólitískar greinar, vegna þess að þér tölduð, að þér mynduð græða peninga með þeim hætti“.

„Mín persónulega reynsla af pólitískum greinum“, svarar Mihajlov, „er sú, að maður verður sér fremur úti um fangelsisvist með þeim en peninga. Peningar voru mér engin hvatning“.

Forseti kvíðsdomsins: „Þér eruð ákærður fyrir að hafa sagt, að Jógóslavía væri einræðisríki“. „Já“, svarar Mihajlov og staðfestir, að Jógóslavía sé einræðisríki.

Þýzkaland nazismans var einræðisríki, andmælir dómarrinn og spyr, hvort Mihajlov setji Jógóslavíu á bekk með því? Rödd dómarrans verður



Mihajlo Mihajlov.

hvassari. Hann heitir Fabulic, hávaxinn maður með silfurgrátt hár, sem líkist ströngum skólastjóra.

Mihajlov mótmælir. Einræðisstjórnir eru ekki allar eins. Hann segir þetta lágt og það heyrir varla til hans. Hann reynir að koma með samlíkingu: „Þýzku hermennirnir klæddust einkennisbúningum og jógóslavneskir hermenn klæðast einnig einkennisbúningum. Þrátt fyrir það eru þeir síðarnefndu ekki fastar“. Reiðin sýður í áheyrndum. — Nokkrir þeirra skamma Mihajlov upphátt, nokkrir blíst. „Nú er nóg komið“, hrópar dómarrinn, leggur af sér gleraugun og hnyklar svartar augabrynnar ópolinmóður, „má ég biðja um þögn“.

Dómarrinn heldur nú fyrirlestur um fasisma og þann árangur á sviði lýðræðis og frelsis, sem hann telur hafa

náðst í Jógóslavíu. Vegna sjálfstjórnarinnar nyttu verka menn í Jógóslavíu beins lýðræðis og blóðin hefðu fullkomnið frelsi. „Þjóðfélag vort er sósíalískt“, lýkur hann máli sínu. „Þér hins vegar eruð á móti sósíalísmannum“.

„Ég get ekki talið þjóðfélag sósíalískt“, svarar Mihajlov, „þar sem aðeins 6–7% íbúanna njóta allra réttinda en hinir engu“.

„Hafa nigrarnir í Ameríku kannski öll réttindi?“ spyr saksóknarinn. „Negrarnir í Ameríku hafa þó að minnsta kosti sín félög“, segir Mihajlov, „til þess að berjast fyrir stjórnarskrárvernduðum réttindum sínum“.

Enn fer reiðialda um áheyrndum.

Dómarrinn, Fabulic, ber nú Mihajlov á brýn skort á óhlutdrægni. Ef maður skrifar óhlutdrægt, þá verður jafnan að lýsa málinu frá báðum hliðum. Mihajlov hafi skýrt frá því, í því sem hann hafi skrifað, hvernig Vesturlönd hafi hjálpað Jógóslavíu en hann þegi yfir því, að vestur-þýzka sambandslýðveldið skjóti sér undan því að greiða skaðabætur til fórnarlamba stríðsins. Hann les upp fyrir Mihajlov grein stjórnarskrárinnar um skoðanafrelsi, sem ekki megi nota í þeim tilgangi „að afnema hina sósíalísku, lýðræðislegu þjóðfélagsskipun“. Áheyrndur klappa hrifnir til samþykkis. „Siðfræði okkar er sósíalísk siðfræði“, segir Fabulic. Hann segir þetta mjög hátt og andvarpar af geðshræringu.

En Mihajlov verður ekki skotið skel í bringu. Hann talar ákveðið, hægt en örugglega í tón hins æfða fyrirlesara. „Hvar stendur nokkuð í því, sem ég hef skrifað, gegn sósíalísmannum? Hvergi. Ég hef aldrei ráðist á sósíalísmann“. Sósíalísminn sé ekki ein okun kommúnista og stjórnarskráin ábyrgist ekki með einu einasta orði einokun kommúnista sem einasta flokksins. „Allt, sem ég hef skrifað, er í samræmi við lögin“. Hann sezt en spakar órólegur með fótunum í gólfið.

Dómarrinn fer að ræða um bæði útlendingaforlögin, hið pólska í París og hið rússneska í Frankfurt, sem látið hafa prenta greinar Mihajlovs. Þetta væru afturhaldsstofnanir, sem hefðu uppi jafn slæmar skoðanir um Jógóslavíu og

um sín eigin lönd. Rödd dómarrans verður hvassari og hann talar við Mihajlov höst-um rómi.

Þá grípur verjandinn fram í lítill maður frá Zagreb, dr. Glovacki að nafni. Hann er vel klæddur og með yfirskegg. Hann brýnir varla rödd sína, en er fyrrmannslegur og öruggur.

„Ef þér haldið áfram í þessum tón, herra dómari, þá — ég aðvara yður — mun ég krefjast þess, að þér víkið úr dómarsæti vegna hlutdrægni. Í orðum yðar kemur fram, að þér telji fyrirfram, að Mihajlov sé sekur“. Óánægjukliður heyrir meðal áheyrenda. „Þér hafið slæm áhrif á hinn ákærða, herra dómari“. Nú heyrir reiðinöldur frá áheyrndum.

Glovacki beitir hér beittasta vopninu. Skjólstæðingur hans gerir honum hins vegar ekki léttara fyrir, hvernig svo sem á því kann að standa. Dómarrinn vill t.d. fá að vita, hvers vegna Mihajlov hafi látið rússneska útflytjendaforlaginu Possove greinar sínar ókeypis í té. Mihajlov svarar ógreinilega, en Fabulic gefur ekki eftir. Að lokum svarar Mihajlov, að það hafi verið af því, að Possove hafi verið í fjárhagsörugguleikum og vegna þess að skoðanir þess fyrir-tækis væru svipaðar sínum. Possove er hins vegar þekkt fyrir hinn herskaa andkommúnisma sinn.

Verjandinn hlustar í upp-gjöf á framburð Mihajlovs. Þegar einu sinni áður hafði hann reynt árangurslaust að finna útgönguleið fyrir hann. Í yfirheyrslunum hafi Mihajlov jafnað, segir dómarrinn, að rit hans gætu æst borgarana til uppreisnar. Hvort hann haldi sér við þetta? „Já“, svarar Mihajlov. „Ég bið yður, Mihajlov, gefið nánari skýringu“, segir Glovacki skelfdur. „Greinar yðar hafa allar birt erlendis. Hvernig ættu jógóslavneskir þegnar að vita um skoðanir yðar? Þetta er órókrétt“. Mihajlov tautar eitt hvað um vini, vestræn blöð og heldur sér ótrauður við sitt „já“. Í lokavarnarræðu sinni segir Mihajlov, hljóðri en ákveðinni röddu: „Ég er algjörlega sannfærður um, að allt, sem ég hef skrifað, er sannleikur“. Hann mundi halda sér við það framvegis, nema að „einhver geti breytt skoðun sinni með rökum“.

Haustsýning

UNDANFARNA daga hef ég verið að litast um í tveim megin-miðstöðvum myndlistar í Evrópu og séð margt það, sem efst er á baugi þessa stundina. Það var því nokkuð skemmtilegt að koma strax á eftir á Haustsýningu Félags Íslenzkra myndlistamanna, sem nú stendur yfir í Listamanna skálanum, og geta þannig gert samanburð á því og hinu, hvar við stöndum í þessari listgrein. Ég skal strax koma að efninu, og mér er það ánægja að geta sagt, að ekki er ég eins óánægður og mætti láta sér detta í hug. Að visu er ýmislegt hér hjá okkur, sem betur mætti fara, en mergurinn málsins er sá, að ég held, að við hér á Íslandi getum unað okkar hlut samilega, þrátt fyrir allt. Auðvitað held ég því ekki fram, að Íslendingar séu alheimsséni á þessu sviði, en þeir eru sjálfum sér samkvæmir og hefur tekið að skapa sér sérstæðan svip, sem ber mikinn keim af náttúru landsins og lundarfari þjóðarinnar. Ekki má heldur gleyma því, að við erum fámenn þjóð, sem því miður er afskekkt í myndlist, þrátt fyrir þá staðreynd, að einangrun Íslands hefur verið rofin að miklu leyti á

seinustu áratugum. Hér er það auðvitað húsnæðisvandamálið fyrir úrvals erlendar sýningar, sem mestu ræður, vandamál, sem vonandi rættist úr á næstunni, og þá ættum við að eiga þess kost að taka virkari þátt í því vinsæla ævintýri, sem myndlist virðist vera orðin í Evrópu. Sannleikurinn er sá, að svo mannmargt er nú yfirleitt á söfnum og sýningum erlendis, að varla er hægt að njóta sumra sýninga vegna mannþröngvar, hvort heldur er á virkum eða helgum degi. Ég fæ ekki betur séð, en að áhugi fyrir myndlist fari mjög vaxandi, og fróðir menn segja mér, að aldrei hafi annað eins verið selt af myndlist í heiminum og nú seinustu árin. Sama má einnig segja um skreytingar nýbygginga í Evrópu. Varla er svo byggt samilegt hús, að ekki séu listamenn látnir skreyta á einhvern hátt, og maður þarf ekki nema rangla um götur Lundúna til að rekast á myndskreytingar á ólíklegustu stöðum, t.d. í göngubrautum, er liggja undir umferðagötum, svo eitthvað sé nefnt.

Haustsýningin í Listamanna skálanum að þessu sinni er fjölbreytt. Þrjátíu og fimm lista-

menn eru þar samankomnir með verk sín af ýmsu tagi: málverk, svartlist, höggmyndir og vefnað. Þessi hópur er að visu nokkuð sundurleitur, sumir listamanna þekkta og gamalkunnir, aðrir að stíga sitt fyrsta spor á listabruánni og sýna í fyrsta sinn verk sín opinberlega. Það má gjarnan óska þeim til hamingju, þar sem verk þeirra hafa hlotið náð fyrir augum dómnefndar F.I.M., sem samanstendur af fimm málurum og þrem myndhöggvurum. Þar að auki er einn erlendum gestur að þessu sinni á Haustsýningunni, Ingálfrur af Reyni frá Færeyjum, sem sýnir fjögur olíumálverk. Þá er aðeins eftir að sjá verk Norðmanna á Haustsýningunni, en undanfarin ár hafa að staðaldri verið gestir frá öllum öðrum Norðurlöndum á Haustsýningu F.I.M. Þetta fyrirkomulag er tilraun í þá átt að kynna almenningsi svölitið, hvað er að gerast meðal frænda vorra á sviði myndlistar, en getur auðvitað ekki orðið að stórfyrirtæki. svo lengi sem notast verður við hinn lúna skála sem vel hefur dugað en er nú að syngja sitt síðasta.

Heildarsvipur þessarar sýningar er ágæt, og það er óhætt að segja, að þetta sé falleg sýning. Það má vel vera, að ekki hafi áður tekið eins vel að koma saman sýningu sem þessari, eitt er víst, að hér hefur verið vand-

að til eins og frekast var kostur, og er það til söma sýningarnefnd F.I.M. Því verður heldur ekki neitað, að saknað verður þar margra ágættra listamanna, sem hefðu getað, án nokkurs efa, gefið sýningu þessari enn meiri svip með verkum sínum. En hvað um það, þá verður því ekki neitað, að ef til vill er það einmitt vaxtarbroddurinn í þessari sýningu, sem er hvað ánægjulegastur. Þar á ég auðvitað við verk hinna ungu listamanna, er koma hér fram í fyrsta sinn og sýna, að það er dugur og áráði fyrir hendi hjá þeim, er maður einfaldlega vissi ekkert um.

Það er óþarfi að kynna verk hinna eldri og þekktri listamanna, er þarna eiga verk. Þorvaldur Skúlason, Jóhann Briem, Jón Engilberts o.fl., eru allt gamalkunnir listamenn, eins er með næstu kynslóðina, en það eru þeir yngstu, sem koma dálítið á óvart. Ég hafði í upphafi þessa greinarkorns ekki ætlað mér að nefna mörg nöfn, af þeirri einföldu ástæðu, að ég á þarna sjálfur tvær myndir, en ég get ekki á mér setið að benda á verk eftir Ragnheiði Jónsdóttur, Ólaf Gíslason, Gunnar Bjarnason, Arnar Herbertsson og Sigriði Björnsdóttur. Allt eru þetta efnilegir listamenn, sem hver á sínu sviði sýna hér í verki, að það er engin ástæða til að órvænta um framtíðina, ef haldið

er fram á sömu braut. Það er líka mjög ánægjulegt að sjá, hvað þetta unga fólk vinnur á breiðu sviði og virðist fordómalaust.

Þá langar mig til þess að vekja athygli á þeirri miklu breytingu, er átt hefur sér stað í list Hjórléifs Sigurðssonar og sé ég ekki betur en að hann hafi náð miklu af því í verk sín nú, er gerðu verk hans sérstæð fyrir mörgum árum. Jóhannes Geir vekur einn íg athygli mína með safamiklum litum, sem settir eru á léreftið með skapmiklum tilþrifum. Sverrir Haraldsson á þarna ljómandi vel máláða vetrarmynd úr Sogamýri, og svona mætti raunverulega lengi telja, en, eins og áður segir, ekki meira að slíku.

Hin erlendi gestur Ingálfrur af Reyni sýnir okkur Færeyjar á sérstæðan hátt. Hann notar fyrir myndir sínar eingöngu til að byggja upp verk sitt á léreftinu, og litir hans eru nokkuð þungir og herkjulegir á köflum, en mig grunar, að þar megi um kenna hinna dönsku skólun, er hann hefur fengið. Hann stendur sig ágætlega á þessari sýningu og er heimalandi sínu til söma.

Það er dálítið erfitt að gera sér grein fyrir, hvar þungamiðja Haustsýningarinnar liggur, en ég held, að óhætt sé að fullyrða, að það séu verk þeirra Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara og Framhald á bls. 8

ÚTVARP REYKJAVÍK

Nú haustar að, blöð falla af trjám og gras fölnar. Um langan aldur hefur mér fundist haust þó leiðinlegasti tími ársins, og hlakkaði þó til þess er ég var barn og unglingur af því að mér þótti gaman að læra. Þótt farið sé að hausta er þó, enn þá fullur mánuður, ef að vanda lætur, þar til vetrardagskrá ríkisútrvarpsins hefst. Vonandi verður hún ágæt í vetur, því ætla má að útvarpið hafi nú, eða ætti sig hafa, náð fullum þroska og getu, er aðstandendur þess hinir helstu eru önnur kafnir við að stofnsetja sjónvarp. Sumir eru þó hræddir við, að sjónvarps-vísir sá, sem hefjast á í haust, muni draga frá útvarpinu. Hvað sem Alþýðublaðið segir, þá er ég, eins og Sigvaldi Hjálmarsson ritstjóri, á þeirri skoðun, að sjónvarp okkar verði lengi lélegt. Annars er það undarlegt afturhald hjá því blaði að vilja einokun á sjónvarpi. Vonandi ná sjónvarpsunnendur brátt erlendum stöðvum og sleppa þannig við lélegt íslenskt sjónvarp eingöngu. Persónulega er mér sama um þetta, ég hef ekki sjónvarp og hef ekki hugsað mér að fá mér það í bráðina, en ég get vel unnt þeim er vilja, að horfa á erlend sjónvörp, jafnvel þótt sjónvarpað sé frá Keflavíkurflugvelli. Ameríkumenn eru hér samkvæmt beiðni okkar og ber að virða það og þakka, meðan þörf þykir, en jafnframt óska þess og vona að friður eflist í heimi, svo hér verði ekki þörf annars varnarsliðs en þess, er við getum sjálf kostað, þ. e. öflugt lög-reglulið, er gæti hrundið árasum ójafnaðarmanna.

Magní Guðmundsson, hagfr. talaði um hið sorglega slys er skipið Pourquoi pas? fórst fyrir 30 árum og 39 menn drukkuðu. Það voru ógleymanlegir haustdagar, 1936. Ræða Magna var skilmerkileg og ágætlega flutt — Öðru máli var að gegna um erindi það, er Árni Björnsson flutti um Sauðafell, höfuðbólið gamla. Hann talaði svo hart og óskýrt að hlustendur höfðu lítil mót af því sem hann sagði, sem ég annars hygg að hafi verið

fróðlegt. — Fluttar voru nokkrar visur, eftir Hjálmar Þorsteins son frá Hofi, hann er, sem kunnugt er, ágætlega hagnæltur maður og margar visur hans sníldarlega kveðnar og góður skáldskapur. Hann varð áttæður nýlega og óska ég honum góðra daga.

Í kvöld: Þáttur Hólmfríðar Árnadóttur og Brynju Benedikts dóttur var fróðlegt viðtal við skrifstofustjóra Húsnæðismálastjórnar. Skrifstofa þessi hefur starfað í 10 ár og lánað stórfé til bygginga. Allir þekkja vandræði fólks með að koma upp þaki yfir sig og fjölskyldu sína og þann mikla dugnað sem fjöldi hefur sýnt í þessum málum með kvöldvinnu og helgidagavinnu. Nú kvað skrifstofustjóri þessi bæinn (borgina) vera að hefja byggingu 1250 íbúða í nýju hverfi, ætti að lána kaupendum 95% af byggingarkostnaði, en aðeins félögum í Alþýðusambandi Íslands væri veitt þessi hjálp. Sjálfsagt má lesa um þetta allt í einhverjum reglugerðum og ályktunum frá yfirvöldunum. En samt var fróðlegt að heyra manninn lesa það upp og svara spurningum spyrjanda — Þá var talað við Örnólf Thorlacius, menntaskólakennara, er sagði frá sinni eigin reynslu í þessum málum. Hann og kona hans keyptu hús „tilbúið undir tréverk“ og var frásögn Örnólfs mjög skemmtileg því maðurinn er gæddur góðlátlegri kimni og segir vel frá — Sagt var að ný húsaleigulög væru nú í völdum. Ég vil bæta því við, að ég tel að ein íbúð, hæfilega stór, ætti að vera skattfrjáls til ríkis og bæjar fyrir hverja fjölskyldu. Það er gersamlega rangt og óþolandi skattaræn að taka fé af fólki þótt það eigi þak yfir höfuðið. Má afla skatta á margan annan sómasamlegri hátt bæði fyrir ríki og bæ. Það er nákvæmlega eins og að leggja skatt á eftirlaun. Slíkt á auðvitað ekki að liðast og verður að afnema með lögum, nú þegar.

Leikritið „Nornin“ eftir Valentin Chorell var borið uppi af

afbragðs leikurum. Að öðru leyti var það meingallað, þar sem nornin (Elín) var geðveik kona og ekki sjálfráð gerða sinna. Slíkt er ekki skáldskapur.

Hjörtur og Vésteinn sáu um skemmtilegan þátt á sunnudagskvöld. Sigurður Ingjaldsson frá Balaskarði sagði þar frá göngum, líklega fyrir síðastliðin alda mót, látlaust og trúverðuglega. Þá var þáttur um heilagan Tómas af Kantaraborg og loks um danska fyndni.

Kjartan Jóhannsson verkfræðingur talaði um daginn og veginn 19. þ. m. Var auðheyrð að hann hefur farið víða um heim, dvalið í Chicago, verið í Pakistan, Mexíco og víðar t. d. í Suður-Ameríku. Hann sagði hina alþekktu sögu um negravandræðin í U.S.A. Negrarnir vanþróaðir, latir hneigðir til glæpa og hvítir menn litilsvirðir þá oftast, jafnvel í Norðurríkjunum. Negrar heima tafarlaust jafnrétti við hvíta en skilja ekki að fyrst verður að mennta þá og manna. — Svipað er ástandið hjá svonefndum þróunarlöndum, t. d. Pakistan og S. Ameríku. Þar er menning almennings á lágu stigi, en heimtufrekja mikil. Þá talaði ræðumaður um skatta hér, og skattheimtu og ókostu við það fyrirkomulag sem nú er, sagði að t. d. Svíar hefðu komið á hjá sér staðgreiðslu, þ. e. að menn greiddu jafnðum og fjár var aflað en ekki eftirá eins og verið hefur. Hér eru stjórnsýslu stöðugt að „athuga málið“. Skoraði á menn að lesa skýrslu Hagráðs. Þetta var athyglisverð ræða, en engin leið til að rekja hana nánar í þessu stutta máli.

Sakamálaaleikrit „Gerðu skyldu þína Scott“ er nú hafið. Eftir J. P. Wynn, þýð. Óskar Ingimarsson. Leikstjóri Baldvin Halldórsson. Lífgar sjálfsgat upp á dagskrána næstu fimm vikur, hjá mörgu fólki. — Jón Gíslandson pósthústrúi sagði sögu höfuðbólsins Kaldaðarness (Kallaðarness) og mæltist vel og sköruglega, enda mjög fróður maður. — Jóhannes úr Kötlum las þrýðilega að vanda nokkur sníld

arkvæði þjóðskáldsins Hannesar Hafstein. —

Ævar Kvaran flutti erindi er hann nefndi Lánleysinginn, var það um Jóhann konung er nefndur hefur verið Jóhann landlausi og uppi var um ár 1200 (d. 1216). Hann var að flestu leyti hinn verstí maður, en þó höguðu örlögin því svo, að óstjórn hans varð einmitt til þess, að hann var neyddur til að undirrita frelsisskrá Bretá, Magna Carta (1215), sem enn er í gildi að mörgu leyti og varð fyrsti vísir að brezkun þingræði. Þá hafði þingræði verið hér úti á Íslandi frá 930 sem kunnugt er. Jóhann var því ekki alveg „lánlaus“ að lokum.

Jóhann Hjálmarsson sá um útvarpsþátt helgaðan Þorsteini skáldi frá Hamri. Talaði hann við skáldið, en Ingibjörg Stephensen og skáldið sjálft lásu upp kvæði. Óskar Halldórsson las upp þátt, er Þorsteinn hefur ritað, um Egil Snotrufóstra Stafeld, er svo var nefndur, gáfumaður af góðum ættum en lenti í óreglu og vesaldómi erlendis og varð andlegt vesalmenni. Ágætlega gerður þáttur og vel fluttur.

Í síðasta þætti mínum hafa orðið nokkrar leiðar prentvillur og brenglanir. Málshættinum „sá á kvölina sem á völinu“ hefur verið snúið við og gerður að „sá á völinu sem á kvölina“, sem er hringavitleysa. Þá gat ég um hv framburðinn, var það gert að „ho“. Fleiri prentvillur voru þar, sem lesa má þó í málið.

Þorsteinn Jónsson.

— Haustsýning

Framhald af bls. 10

Þorvaldur Skúlasonar, enda eru þar á ferð tveir af fremstu myndlistarmönnum okkar, og verður ekki um það deilt.

Að lokum vil ég endurtaka það, er ég sagði hér í upphafi, að ég er furðu ánægður með Haustsýninguna, eftir að hafa legið í nokkurskonar myndlistafyllirí í London og París að undanförmu. Það getur stundum verið ánægjulegt að koma heim, og hve ánægjulegt hefði ekki verið að sjá þessa sýningu í húsaakynnum, er henni hæfðu.

Valtýr Pétursson.

Til sölu

2ja herb. 68 ferm. 8. hæð við Ljósheima.
2ja herb. 72 ferm. jarðhæð við Kleppsveg.
2ja herb. kjallaraíbúð við Eikjuvog. Útborgun 350 þús.
Tvær 3ja herb. íbúðir í háhýsum við Sólheima.
Tvær 2ja herb. íbúðir við Skipasund. Bilskur fylgir annarri íbúðinni.
3ja herb. 1. hæð við Úthlíð.
5 herb. 1. hæð við Laugateig, sérhitaveita, teppi.
5 herb. 1. hæð ásamt 45 ferm. bilskur við Rauðalæk. Allt nýtt í eldhúsi, falleg íbúð.
5 herb. 3. hæð við Lönguhlíð, lág útborgun.
Vönduð steinhús ásamt stórum bilskur í Smábúðahverfi.

Í smíðum

Glæsilegar 4ra og 6 herb. íbúðir við Hraunbæ (111,5 og 135 ferm).
5 herb. 2. hæð við Hraunbæ, svalir móti suðri. Verð 770 þúsund.
2ja—3ja herb. (75 ferm) jarðhæð við Hraunbæ, verð 440 þúsund. 150 þúsund eru lánuð til 15—20 ára.
5 herb. 3. hæð tilbúin undir tréverk við Framnesveg. 70 þús. er lánað til 5 ára. Íbúðin er grófmúruð nú þegar.
4ra herb. 1. hæð ásamt bilskur við Sæviðarsund. Selst í foheldu ásigkomulagi (í fjórbýlishúsi).
3ja herb. 2. hæð við Reynimel.

Ath. Allar þessar íbúðir verða fohk. fyrir 1. okt. Komið skoðið kaupið og sækið um húsnæðismálalán strax (fyrir 1. okt.) áður en það er af seint til að fá lán úr næstu úthlutan.

Mjög glæsilegt hús í smíðum í Arnarnesi.

Fasteignasala

Sigurðar Pálssonar

byggingameistara og

Gunnars Jónssonar

lögmanns.

Kambsvogi 32.

Símar 34472 og 38414.

29.

Fiskibátar til sölu

Seljum og leigjum fiskibáta af öllum stærðum. Leggjum áherzlu á að aðalvélar og öll siglingar- og fiskileitartæki séu í góðu lagi. Getum í flestum tilfellum boðið upp á hagkvæm lánakjör og hóflegar útborganir.



SKIPASALA

OG

SKIPALEIGA

VESTURGÖTU 5

Sími 13339.

Talið við okkur um kaup og sölu fiskiskipa.

2 ára ábyrgð 5 jafnar greiðslur

Olivetti skólaritvélar eru ekki dýrar, en til þess að allir geti eignast beztu skólaritvélar, bjóðum við kaupendum að fá þær með 5 jöfnum afborgunum.



Yfirburða gæði og skrifthæfni Olivetti ferðaritvéla skipa þeim í fremsta sæti á heimsmarkaðinum.

Við bjóðum yður þrjár gerðir Olivetti ferðaritvéla, sem allar eru frábærar að gæðum og styrkleika.

Fullkomin viðgerðarþjónusta á eigin verkstæði.

G. HELGASON og MELSTED HF.

Rauðrárstíg 1. — Sími 11644.

